

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

**nefnasvid@althingi.is**

Reykjavík, 18. mars 2019


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt (ríki-fyrir-ríki skýrslur), 635. mál.**

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt (ríki-fyrir-ríki skýrslur).

Ákvæði 91. gr. a. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 (tsl.) fjallar um ríki-fyrir-ríki skýrslur og er byggt á BEPS aðgerðaráætlun OECD nr. 13. Staðreyndin er hins vegar sú að ákvæðið er ekki að fullu í samræmi við framangreinda aðgerðaráætlun. Af þeim sökum fagna SA því að verið sé að endurskoða ákvæðið.

Að því sögðu gera SA eftirfarandi athugasemd við hið fyrirbyggjandi frumvarp. Í g. og h. liðum 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er enn gert ráð fyrir skyldu félaga að senda tilgreindar tilkynningar til Ríkisskattstjóra (RSK) fyrir lok hvers reikningsárs. Samkvæmt upplýsingum frá RSK með vísan til auglýsingar nr. 1/2019 er rýmri frestur til að skila eyðublaði RSK 4.31 (Tilkynning um skil á ríki-fyrir-ríki). Fresturinn var til 20. janúar 2019 vegna ársins 2018. Þarna er því ósamræmi í hinni fyrirhuguðu lagasetningu og þeim reglum sem nú eru í framkvæmd. SA vilja að úr þessu verði bætt þannig að samræmis sé gætt.

Virðingarfyllt,



Heiðrún Björk Gísladóttir, lögmaður  
f.h. Samtaka atvinnulífsins